

**171. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,  
7. september 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Guðrún Sigvaldadóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ívar Orri Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2109023 - Bæjarstjórn unga fólksins 2021**

Tillaga að dagsetningu fyrir bæjarstjórnarfund unga fólksins.

*Ívar Orri Kristjánsson situr fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að bæjarstjórnarfundur unga fólksins verði haldinn 16. nóvember 2021.*

**2. 2008156 - Leikskóli Skógarhverfi, Asparskógar 25.**

Kynning stöðu vinnu við nýjan leikskóla.

*Áheyrnarfulltrúar leikskólans Íris Sigurðardóttir, Guðrún Sigvaldadóttir sitja fundinn undir þessum lið.*

*Alfreð Alfreðsson tók sæti á fundinu og kynnti stöðu verkefnisins.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu.*

**3. 2108109 - Þjónustupörf árið 2021 - 2022 - viðbóta stuðningstímar**

Trúnaðarmál

*Erindi vísað til bæjarráðs.*

**4. 2109024 - Skóla- og frístundasvið lykiltölur í byrjun skólaárs 2021-2022**

Samantekt á lykiltölum frá stofnunum á skóla- og frístundasviði í upphafi starfsársins.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. 2002069 - Menntastefna- endurnýjun**

Kynning á stöðu verkefnisins.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

